

18.09.2018

Tillaga Garðabæjarlistans til fjárhagsáætlunar 2019 um gjaldfrjálsan tómstundaakstur

Flutningsmaður: Ingvar Arnarson

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu til fjárhagsáætlunar þess efnis að Garðabær bjóði upp á gjaldfrjálsan tómstundaakstur fyrir börn.

Greinargerð

Mikilvægt er að tryggja

öllum börnum í Garðabæ jafnan aðgang að tómstundum sem eru í boði í bænum. Með því að hafa tómstundaakstur gjaldfrjálsan gefst börnum tækifæri á að sækja sem flestar tómstundir.

Mikilvægt er í nútímasamfélagi að jafna aðgang fyrir börn að tómstundum og fækka

ferðum foreldra á einkabílum eins og kostur er. Garðabæjarlistinn telur að með þessum hætti sé hægt að koma til móts við þarfir fjölskyldna í Garðabæ.